

REGLUGERÐ
um desemberuppbætur til foreldra langveikra
eða alvarlega fatlaðra barna árið 2020.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fyrir desember 2020.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.
Desemberuppbót.

Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns sem fær greiðslu í desember 2020 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á rétt á desemberuppbót að fjárhæð 61.840 kr. enda hafi foreldrið fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2020.

Foreldri sem hefur fengið greiðslur skemur en tólf mánuði á árinu 2020 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. í samræmi við þann tíma sem foreldrið hefur fengið greiðslur á árinu samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð.

Desemberuppbót skv. 2. mgr. skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 15.460 kr.

3. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1070/2019, um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna árið 2019.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. nóvember 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.